

Pétur Knútsson

Heimild og lögform: sannleikshugtakið hjá Ara fróða sem þýðingarvandamál.

Útdráttur:

Hugmyndir fræðimanna um áreiðanleika sögulegra heimilda frá miðöldum tóku róttækum breytingum á síðari hluta 20. aldar. Hin fleygu einkunnarorð Ara fróða um það er sannara reynist leika því lykilhlutverk í þessari umræðu. Annars vegar má telja þau ágæta lýsingu á fræðilegri aðferðafræði nútímans, jafnt í sagnfræði, lögfræði, raunvísindum og víðar; en hinsvegar virðast þau bera vott um grófan hugmyndafræðilegan óheiðarleika. Ég mun reyna að bjarga heiðri Ara með því að höfða til þýðingarfræðinnar, og um leið gera tilraun til að staðsetja sjálfsmynd íslensks miðaldarsamfélags í landfræðilegu rými sem helgast af tveimur höfuðáttum: heima og að heiman.

Fyrir tveimur árum flutti ég drög að þessum þælingum á Manitóba ráðstefnunni, en nú er það komið á íslensku og nálgunin er það breytt að ég þori að leggja það fram aftur



Í þessu erindi mun ég beina athygli að hinum fleygu einkunnarorðum Ara fróða,

En hvatki es missagt es í fræðum þessum, þá es skylt at hafa þat heldr es sannara reynisk

og athuga ýmsar áleitnar spurningar sem kunna að vakna, spurningar sem fyrst komust á dagskrá um miðbik síðustu aldar. Fyrir þann tíma var almennt talið að Ari væri að leita heiðarlega að sannleikanum og brýna fyrir lesendum sínum að gera slíkt hið sama, en hin víðtæka endurskoðun á sannleiksgildi íslendingasagna sem átti sér stað á seinni hluta 20. aldar gerir það að verkum að þessi fræga tilvitnun stendur eftir eins og steinrunnið tröll. Nú teljum við að Íslendingbók sé meira eða minna skálduð, sett fram til réttlætningar landeignarréttar hinna ráðandi stétta, bakhjarla kirkjunnar; sú söguskoðun sem við fáum í arf frá þessum tíma sé að miklu leyti, með orðum Sveinbjörns Rafnssonar, samansafn af „lærðum þvættingi“.^{1 2} Þessi kennisetning íslenskra söguritunar um það er sannara reynist er annaðhvort merki um einbeittan sögufölsunarvilja, eða Ari hefur verið sérlega auðtrúa og ósjálfstæður penni. Eins og Sverrir Tómasson o.fl. hafa bent á er þessi vísun til sannleika frekar algeng í bókmenntum miðaldanna, og má því vera að Ari væri eingöngu að fylgja rithefð samtímans. Ef nokkuð, gerir þetta málið enn vandræðalegra: var þetta útbreidd sögufölsun? Tóku lesendur Ara þátt í falsinu? ³ Eða getum við e.t.v. fundið skýringu á þessum frægu orðum sem gæfi til kynna að Ari væri hvorki auðtrúa né óheiðarlegur?⁴


Tillaga mín er að við lítum á þetta sem þýðingarvandamál, en sem kunnugt er er aðal höfuðverkur þýðingarfræðinnar það að raunveruleikinn reynist breytilegur eftir því hvaða tungumál teiknar hann upp.⁵ En þetta vill gleymast þegar tungumálin sem í hlut eiga heita einu nafni, til dæmis einfaldlega íslenska, en

fjarlægðin milli þeirra helgist af tíma en ekki rúmi. Okkur hættir til að lesa íslendingasögurnar í dag eins og þær væru ritaðar á okkar tungumáli og lýstu okkar raunveruleika. Ég hef í nýlegri grein bent á að íslenska orðið *tunga* hafði aðra merkingu fyrir Fyrsta málfraeðinginn en tilsvarendi orðið *tungumál* hefur fyrir okkur: ekki einasta vegna þess að orðið hafi breytt um merkingu, heldur öllu heldur sjálfur raunveruleikinn hefur tekið breytingum: það sem við köllum *tungumál* vísar til félagslegs fyrirbæris sem var hvergi til á tímum Fyrsta málfæðingsins. Að þessu sinni er það lýsingarorðið *sannur*, sem ég vonast til að geta sýnt fram á að hafði aðra merkingu á tímum Ara.


Hugmynd Ara um það er sannara reynist virðist okkur harla nútímaleg: akademísk siðfræði okkar er akkúrat í þessum dúr. Eitt atriði kemur þó til álita: leyfir tungumálið okkur í dag að stigbeygja lýsingarorðinu *sannur*? Er þetta ekki tvígildishugtak, eins og *sjóðandi* eða *láréttur*, annaðhvort eða? Geta ný sannindi verið *sannari* en þau gömlu, verða þau gömlu ekki einfaldlega *ósönn* fyrir bragðið?


Svarið er nei, reyndar finnst okkur mál Ara frekar eðlilegt, það er í lagi þótt hann segði ekki *skylt er að hafa þat er satt reynist*.⁶ Sannleikshugtakið hjá okkur virðist vera til í a.m.k. tveimur útgáfum. Annars vegar er það tvígildishugtak, annað hvort satt eða ósatt, og er notað bæði í stærðfræði og rökfræði, en einnig í því hvernig við upplifum veruleikann – er það satt eða ósatt að tiltekin innherjarviðskipti hafi einhvern tíma átt sér stað, eða að alþjóðalög voru brotin með innrás hinna viljugu þjóða í Írak? – En hins vegar er vel hægt að nota orðið *sannur* sem einkunn, í merkingunni *ósvikinn*, þetta er *sönn ánægja*, og þá getur vel orðið svo að önnur ánægja sé sannari, eða Gunna reynst sannari hetja en Palli.⁷ En skýran mismun gerum við ekki: staðhæfing getur verið *sönn að vissu marki*, eða *hverju orði sannara*, og orðalagið “það sem sannara reynist” er notað óspart í hugmyndafræðilegri og pólitískri umræðu í dag. En þó að þessi tvö merkingarsvið séu það ólík að þau ættu ekki að skarast, tengir þetta eina orð þau saman og skapar öllu flóknari merkingarumhverfi. *Það er hverju orði sannara* er ekki einföld einkunn, heldur felur það í sér mat á hæfi, virðingu, réttisýni, svo fátt eitt sé nefnt.⁸ Þessi klofningur í merkingarsviði eins og sama orðsins, sem opnar upp nýja og flóknari merkingarheima, er mjög algengur í þróun tungumála. Hvernig kemur hann til? E.t.v. mætti hugsa sér að önnur merkingin sé upprunaleg, en hin hafi orðið til við myndhvörf. Tökum t.d. orðið *blóð*, sem merkir rauður líkamsvessi hryggdýra, en einnig það sem við getum kallað í dag genamengið, ættareinkenni, uppruni: *rennur blóð til skyldunnar*, *blátt blóð í æðum*, *gæðablóð*, o.s.fr.⁹ Annað dæmi er orðið *rót*, sem sagt er að hafi eiginlega merkingu, þ.e. jarðstöngull jurtar, og óeiginlega merkingu t.d. *rót vandans*, seinna tilkomin vegna


Þess að mannfólkið lærði að grafa upp rætur löngu áður en það fór að hugsa um orsök og afleiðingu.


Þessi skipting milli  eiginlegrar og óeiginlegrar notkunar er ákaflega hæpin. Owen Barfield til dæmis tekur upp þráðinn frá Goethe og Coleridge, og eins og Cassirer útskýrir þessa þróun með öðrum hætti: *rót* hefur frá örofi alda haft merkingarlegt gildi sem felur í sér upphaf, undirstöðu, orsök, og táknað heildrænt, dulrænt og andlegt samband rótarinnar við jurtina. Því er *rót* í „rót vandans“ ekki síður heildrænt og dálítið dulrænt og einnig andlegt ef því er að skipta, og því ekki SÍÐAR til komið. *Rót vandans* er ekki yfirfærð merking, heldur sú upptunalegri. En seinna fórum við að afneita hinu heildræna og skoða jurtina sem mekaníska samsetningu tengdra hluta: hið hlutlæga og vísindalega hugtak *rót* er seinna tilkomið. Á sama hátt hafi *blóð* upprunalega verið líkamsvessi sem var birtingarmynd eðlis og innri hugarheims manneskjunnar. Þegar mannkyn tók að efast um að þetta tvennt færi nauðsynlega saman fékk orðið *blóð* nýja merkingu sem hinn líffræðilegi líkamsvökvi sem hægt væri að skilgreina á tæmandi hátt án dulræna eða andlegra skírskotunar. Það er alls ekki upprunalega merking orðsins *blóð*.¹⁰

Er hægt að hugsa sér að orðið *sannur* hafi þróast á svipaðan hátt? Svo virðist sem *rót* og *blóð* hafi öðlast sínar nýju merkingar í kjölfar vísindabyltingar; getum við bent á álíka breytingar í hugarheimi manna sem kunna að hafa leitt til klofnings í merkingu hugtaksins *sannur*, sem áður hefði heildræna merkingu?

Bók Ara, rituð snemma á 12. öld, stendur á miklum tímamótum í íslenska samfélaginu, tímamótum sem gengu yfir á mismunandi tímum hjá mismunandi þjóðum og eru ekki fullgengin enn.¹¹ Hér er átt við breytinguna frá munnmennt yfir í bókmennt. Fræðimenn eins og  Havelock Ellis og Walter Ong hafa bent á hve erfitt það er fyrir okkur sem búum við almennt læsi að skilja eðli ólæss samfélags.¹² Ólæst samfélag upplifir sig ekki sem ólæst, ekki frekar er Ari átti við rafmagnsleysi að stríða.^{13 14}

Tilkoma bókmennta á Íslandi sem annars staðar í Evrópu var í upphafi mjög smá í sniðum, þróunin ávalt mjög hægfara, þannig að flest einkenni munnmenntar héldu velli löngu eftir að skriftin hélt innreið sína. Elstu bækur veita okkur því innsýn í þetta horfna samfélag, og gefa vísbendingu um að hlutverk lista og mennta í því samfélagi var allt annað en við þekkjum í dag. Aðalhlutverk þeirra er að endurtaka og staðfesta. Áheyrendur kvæðis eða frásagnar vilja heyra það sem þeir þekkja og vita; þeir vilja heyra spakmælin í rétttri röð og vel frá sögð, til áréttingar samfélagsmynd þeirra. Þeir vilja heyra þau oft.  Völvan spyr: Vituð ér enn, eða hvað? Þórarinn Eldjárn þýðir „Viljið þið heyra meira, eða hvað?“ - því nútíma

áheyrendur vilja heyra meira og nýtt, þeir hafa ekki þörf fyrir staðfestingu á almennri og skjalfestri visku. En völvun meðhöndlar óritaða speki, sem verður að endurtaka oft og reglulega í heyranda hljóði. Nýmæli, ný orð og ný hugsun, stofna varðveisluferlinu í hættu. Orð völvunnar merkja:  Vitið þið þetta? Eruð þig með á nótunum? Á ég að halda áfram?

Saxo grammaticus skrifar á latínu um svipað leyti,¹⁵ og lýsir norsku hetjuna Ericus sem meistara hins talaðs orðs (*Gesta* V.II.10).  En ræður Erikusar eru samsettar af málsháttum og hefðbundinni speki. Orðsnilld og sannfæringarkraftur felast í færni í að tala á viðeigandi hátt, að nota þekktar formúlur, og sannleiksgildið fer eftir því. Sagt er um Óðin í *Ynglingasögu*¹⁶ að



hann talaði svo snjallt og slétt, að öllum sem á heyrðu þótti það eina satt

Fyrir okkur eru þetta vafasamir eiginleikar sem vekja hugmyndir um múgsefjun og einræði. En fyrir hlustendum Óðins var orðsnilld hans og fagurmæli einmitt mælikvarði á mátt og sannleiksgildi orða hans.¹⁷

Það er greinilegt að við verðum að skilgreina sannleikshugtakið sem hér birtist á annan hátt en okkur er tamt í dag, og færa það í átt að öðrum hugtökum í okkar reynsluheimi, hugtökum eins og *viðeigandi* eða *sanngirni* á nútíma íslensku. Og ljóst er að annað merkingarsviðið orðsins *sannur*, eins og birtist í *sönn hetja*, var áður fyrr mun samofnara heildarmerkingu orðsins en nú er. Hér er t.d. Laxdæla 54 í frábærri þýðingu Kenrvu Kunz:



Barði svarar: "Veit eg að þér mun ósannlegt þykja að eg víkist undan." "I know you'd think it unsuitable for me to refuse"¹⁸ Keneva Kunz

Nú eru fleiri staðir í sögunni sem Keneva kýs að þýða orðið *sannur* sem *true*, sem sagt sem tvígildishugtak, þar sem hið víðara merkingarsvið væri einnig hugsanlegt. **Að sjálfsgöðu er tvígildishugtakið um staðreyndir einnig algengt í forn málinu, þótt ég sleppi því hér að tilfæra dæmi.** Oft er þetta þó málum blandað. Hér er mun eldra dæmi: í bréfi sínu til Filippímanna 4.8 segir Páll postuli:¹⁹




de cetero fratres quaecumque sunt vera quaecumque pudica quaecumque iusta quaecumque sancta quaecumque amabilia quaecumque bonae famae si qua virtus si qua laus haec cogitate


Að lokum bræður, hvaðeina sem er satt, hvaðeina göfugt, hvaðeina rétt, hvaðeina hreint, hvaðeina elskulegt og gott afspurnar, sé þar dyggð eða sé þar það sem lofsvert er, hugleiðið það


Þessi upphafna þula nefnir sex góða kosti sem allir skilgreina háttsemi manna: öll breytni sem er sönn, göfug, rétt, hrein, elskuleg og góð afspurnar.²⁰



Tvígildismerkingin „veruleikanum samkvæmt“ á hér ekki við. Öll eru þetta hugtök sem treysta innviði samfélagsins, öryggi og rétt skipun Miðjunnar, hjarta samfélagsins.

Heim


Eins og ég hef sýnt fram á í grein minni um margröddun manna og staðhátta í Laxdælasögu²¹ hefur hugtakið  *heim* sterka skírskotun til sjálfsvitundar samfélagsins. Bústaður hvernar sögupersónu er kennimerki hans í samfélaginu, jafnvel hluti af nafni hans: Þorstein frá Hamri, Binni í Gröf. Hvergi kemur þetta skýrara fram en í orðum Guðrúnar Ósvífursdóttur, þegar hún leitar hefndar fyrir víg Bolla, Laxdæla 177

 Guðrún mælti: „Vera kann, að vér fáim ekki jafnmæli af þeim Laxdælum, en gjalda skal nú einhverr afráð, í hverjum dal sem hann býr.“²²

Ekki „hver sam er“ eða „hvað sem hann heitir“ heldur „hvar sem hann á heima“ . Í Íslendingasögunum erum við sífellt að átta okkur ekki aðeins á röddunum sem tala hverju sinni, en einnig heimilum þeirra – ævinlega er talað um að fara *heim* að einhverjum bæ. Við berum sífellt kennsl á nýja miðjur, nýja viðmiðunarstaði hinna ýmsu gerendur í sögunni, spennuna milli *heima* og *að heiman*, þar sem tímar og staðir skarast.  Frá orðinu *heim* er dregið lagahugtakið *heimild*, það sem er lögformlega rétt, *heimilaður* vitnisburður í sakamáli.

Og hér komum við aftur að sannleikshugtakinu, bæði til forna og í nútímanum. Algengt orðasamband í íslendingasögunum er  *sannur að sök*, enda er orðið samstofna latneska orðinu sont- sem merkir sekur. Orðið *synd* er af sama uppruna. *Heimild* vísar til þess sem er við hæfi í heimahögum, ómengað af öðrum viðmiðunum, og hefur þessi skilningur varðveist í lagaumhverfi nútímans þar sem  lögformlegur sannleikur er æðri hinu almenna sannleikshugtaki . Að framburður fyrir dómi sé lögformlega heimilaður er grunnforsenda dómsins. Við höfum mýmörg dæmi á seinni árum um að máli hafi verið vísað frá eða sýknudómur hafi verið kveðinn upp vegna þess eins að ákæran hafi ekki verið lögformlega sett fram. Einstaklingar sem jafnvel í dómsorðunum sjálfum er lýst sem hættulegum hafa hlotið sýknudóm vegna formgalla ákærunnar. Myndverk sem hafa verið dæmd fölsuð af sérfræðingum eru í umferð á listamörkuðum þar sem gögn sérfræðinganna hafi verið úrskurðuð ótæk fyrir dómi.


Her er þá niðurstaða mín

Þótt sannleikshugtakið hjá Ara hefði greinilega sama tvíþætta merkingasviðið og það hefur í dag, er þó djúptækur munur. 

sannur	
í dag:	staðreynd → hæfismat
Ari:	hæfismat → staðreynd

Fyrir okkur er grunnmerkingin tvígildishugtak um staðreyndir, en óeiginlega merkingin viðeigandi eða sæmandi, er afleidd. Fyrir Ara var þessu öfugt farið: grunnhugtakið snerti samfélagslegt réttmæti.

Íslendingabók er samin í samfélagi sjálfsþurftarbúskapar, þar sem framleiða þurfti mat, fatnað, innanstokksmuni og öll búsaðhöld í heimahaga. Á tímum Ara var hin nýja bókataækni að skjóta rótum; hlutverk lögsögumannsins var að tapa gildi sínu. Það var orðið nauðsynlegt að greina og staðfesta samfélagið með nýjum áhöldum. Sem nytjagripur verður Íslendingabók að vera sönn á sama hátt og borð verður að vera stöðugt, fata vatnsheld, fatnaður skjólgóður. Slíkt er ósk og ætlan Ara. Hér er því mín þýðing:

 En í því tilfelli að miður sé sagt frá í riti þessu, þá er skylt að hafa það heldur sem þykir betur við hæfi.

2110 orð

¹ og vísa ég fyrst og fremst til greinar Sveinbjörns Rafnssonar: lærður þvættingur Söguritun íslendinga á miðöldum hefur verið litin mismunandi augum gengum aldirnar, eins og Sveinbjörn Rafnsson rekur með afgerandi hætti í grein sinn „Frá landnámstíma til nútíma“ í Skírni, hausthefti 1988. Grein Sveinbjarnar markar tímamót, því hann áréttar með sagnfræðilegum rökum þær bókmenntalegu efasemdir um sannleiksgildi íslendingasagna sem verið höfðu uppi síðan um miðbik 20. aldar. Það er þó ekki svo að hin bókmenntalega nálgun sé Sveinbirni að skapi, honum finnst hún troða sagnfræði um tær í viðleitni sinni til að hefja til vegs og virðingar skáldskapar- og listagildi sagnanna og veita þeim „forgang á undan sögu og sagnfræði og liðnum veruleika“ (324).

² Söguritun íslendinga á miðöldum hefur verið litin mismunandi augum gengum aldirnar, eins og Sveinbjörn Rafnsson rekur með afgerandi hætti í grein sinn „Frá landnámstíma til nútíma“ í Skírni, hausthefti 1988. Grein Sveinbjarnar markar tímamót, því hann áréttar með sagnfræðilegum rökum þær bókmenntalegu

efasemdir um sannleiksgildi íslendingasagna sem verið höfðu uppi síðan um miðbik 20. aldar. Það er þó ekki svo að hin bókmenntalega nálgun sé Sveinbirni að skapi, honum finnst hún troða sagnfræði um tær í viðleitni sinni til að hefja til vegs og virðingar skáldskapar- og listagildi sagnanna og veita þeim „förgang á undan sögu og sagnfræði og liðnum veruleika“ (324).

Þó má vera ljóst að það voru bókmenntafræðingar sem áttu mestan þátt í að grafa undan sannleiksgildi sagnanna, og var Sigurður Nordal með ritgerð sinni um Hrafnkötlu frá 1940 einn helsti boðberi þessa nýja viðhorfs. En kúvendingin var öll innan bókmenntafræðinnar; hana skorti þær samfélagslegu og sagnfræðilegu undirstöður sem grein Sveinbjarnar síðan leiddi í ljós

SR: „Lannámabók verður óhjákvæmilega að telja safn goðsagna“ 319

Hér notar að sjálfsögðu Sveinbjörn orðið goðsögn í þeirri yfirlitshæfðu merkingu sem fylgir gjarnan alþjóðlega orðinu mýta, og á við að Landnámabók sé sögufölsun, rituð í pólitískum eða hagrænum tilgangi. Goðsögn, saga um goð og yfirnáttúrulegar verur frá upphafi mannglegrar hugsunar, er vitaskuld allt annað fyrirbæri, og er reyndar eitt meginsteff þessarar greinar, en á allt annan hátt og hin pólitíska mýta liggur til grundvallar greinar Sveinbjarnar.

“með lærðu hugarflugi var reynt að teygja sögulegan tíma aftur í tímann, yfir goðsögulegt upphaf, og telja landnámabók sögulegt rit.“ 219

³ Við höfum fjölda dæma frá seinni tímum þess að heil samfélög hafi lokað augunum fyrir sannleikanum.

⁴ Um þessa mynd af sannleiksgildi Íslendingabókar og aðrar heimildir um söguöld er að sjálfsögðu ennþá deilt, en það er ekki efni þessa greinarkorns að taka þátt í þeirri umræðu, þótt lóst megi vera að niðurstaða greinarinnar gæti orðið þar innlegg.

⁵ Það sjá allir að hinn íslenski raunveruleiki er allt annar en hin tælenski.

⁶ Svo virðist sem nútíma enskir þýðendur á Íslendingabók séu hálfheimnar við sannleikshugakið í þessu tilfelli.

But anything that is set down wrongly in this history, it is our duty to give preference to what is proved to be **more correct** Gwyn Jones 1964

But whatever is incorrectly stated in these records, it is one's duty to prefer what proves to be **more accurate**. Siân Grønlie 2006

Sannleikshugtakið er mjög hlaðið. Það á etv ekki við í akademískri orðræðu

⁷ sönn saga eða sönn hetja?

Ef við erum sönn og heiðarleg í því. Ólafur Stephensen nmýtekin við ritsjórn Fréttablaðsins 26 Feb 2001 Kastljós

⁸ hæfi, velsæmi, sanngirni

⁹ Reyndar hefur verið bent á að flest ef ekki öll þau orð sem lýsa hugarheimi manna virðast hafa hlutlægann uppruna sem vísuðu til ytri veruleika svo sem veður og vind

og líkamlega hreyfingu. Á íslensku gætum við bent á hugtök eins og skilningur og greind sem bæði hafa grunnmerking „kljúfa“; vita þýðir að vera búinn að sjá, angur sem merkir þrengsli, hlakka merkir að æpa eða hljóða, og svo framvegis;⁹ og menn hafa dregið þá ályktun að vitneskja um hugarheim manna hafi komið til á seinni stigum málssögunnar þegar menn gerðust skyndilega skáldlegir og gripu til myndhvarfa til að lýsa þessum nýja hugarheimi sínum í stað þess að búa til ný orð eins og þeir höfðu ávallt gert þangað til. Við verðum að snúa okkur að hugsuðum eins og Cassirer eða Barfield til að hrekja þessa fráleitu söguskoðun.

¹⁰ Það sama gerðist með hjarta og lifur, og það sama gerðist með vindinn og andardráttinn og guðlegan innblástur, sem í klassísku málum koma af einu og sama hugtakinu, *pneuma, anima, inspiratio, o.s.fr.*

¹¹ minni og athöfnum sem orðið höfðu til í samfélaginu til að treysta og samraemi þau mismunandi minnisatriði sem samfélagið þurfti á að halda, þeas frásagnir og kvæðin. Í samfélagin munnenntar hefur frásagnarlistin fyrst og fremst það hlutverk að vaðrveita þann samfélagslega vísdom sem heldur samfélaginu saman.

¹² en eitt merki þessa vanda sést strax í því að okkar skorti orð og hugtök

¹³ En orðið *munment* er til komið íslensku sem þýðingu á hugtakinu *orality* hjá Havelock og Ong, en þeir þurftu hvor í sínu lagi að afsaka og útskýra orðtakið í löngu máli, því þeim fannst óhæfa að tala um *óritaðar bókmenntir* eða illiterate literature

¹⁴ . Hugtakið *munleg geymd*, sem við notum til að lýsa þessu fyrirbæri, þætti landnámsmönnum óskiljanlegt rugl – ætti kannski að geyma visku og hefðir samfélagsins uppi í skáp eða undir rúminu?

¹⁵ aldamótin 1200

¹⁶ 6. kap.

¹⁷ Við megum ekki gleyma að nokkurn veginn allur lestur á íslendingasögnum frá upphafi og vel fram á 20. öld, fór fram af fólki sem þekkti þegar sögurnar og var að festa þær betur í huga. Aðeins börn komu ný að sögunum, og sögurnar voru þeirra uppeldi.

¹⁸ ósanngjarnt, ekki við hæfi óviðeignandi appropriate

¹⁹ Τὸ λοιπόν, ἀδελφοί, ὅσα ἐστὶν ἀληθῆ, ὅσα σεμνά, ὅσα δίκαια, ὅσα ἀγνά, ὅσα προσφιλῆ, ὅσα εὐφημα, εἴ τις ἀρετὴ καὶ εἴ τις ἔπαινος, ταῦτα λογίζεσθε.

Finally, brethren, whatsoever things are true, whatsoever things are honest, whatsoever things are just, whatsoever things are pure, whatsoever things are lovely, whatsoever things are of good report; if there be any virtue, and if there be any praise, think on these things. Philippians 4.8

Framar, kæru bræður, hvað sannarlegt er, hvað heiðursamlegt er, hvað réttlegt er, hvað hreinferðugt er, hvað ástsamlegt er, hvað vel sæmir, er þar dyggð nokkur, er það lof nokkuð, hugsið þar eftir ... Oddur 1536-39

Að endingu bræður, allt sem er satt, allt sem er sómasamlegt, allt sem er rétt, allt sem er hreint, allt sem er elskuvert, allt sem er gott afspurnar, hvað sem er dyggð, og hvað sem er lofsvert, hugfestið það. 1949

Að endingu, systkin, allt sem er satt, allt sem er göfugt, rétt og hrein, allt sem er elskuvert og gott afspurnar, hvað sem er dyggð og hvað sem er lofsvert, hugfestið það 2007

alépeia, unforgettness, unoblivion unconcealedness, - léthe

²⁰ Í grískunni er hér notað hugtakið *alēthēs*, ‘sannur’, eiginlega ‘ekki falið’, í latínu *verus*

²¹ Beowulf and the Icelandic Conquest of England, *Det norrøne og det nationale* 2008, ritsj. Annette larsen

²² Guðrún spoke: “It may well be that we won’t be able to take an equal toll of the men of the Laxa valley, but someone is going to pay the price, whatever dale he dwells in.”